



ORKUSTOFNUN

Jarðhitaleit í Höfðabrekku í Mýrdal

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-97-23

Jarðhitaleit í Höfðabrekku í Mýrdal

Þann 23. nóvember s.l. kom undirritaður að Höfðabrekku í stutta skoðunarferð vegna fyrirspurnar um jarðhitalíkur frá Jóhannesi Kristjánssyni.

Í Höfðabrekku er rekin blómleg ferðamannaþjónusta og yrði mikið hagræði fyrir þá starfsemi ef heitt vatn fyndist þar. Því er eðlilegt að spurt sé um möguleika á öflun þess.

Töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu landsvæði, þ.e. í Mýrdal og austur á Mýrdalssand. Þar er um að ræða:

1. Rannsóknir á efsta hluta jarðskorpunnar með tilbúnum jarðskjálftabylgjum. Þær sýna að í Mýrdal er þykkur setlagastabbi undir móbergsmýndun þessa svæðis (þykkastur vestast á Mýrdalssandi) og þar undir blágrýtismýndun. Vegna afstöðu til rekbelta landsins má ætla að hún sé a.m.k. 5-10 miljón ára gömul.
2. Viðnámsmælingar sem ná tæpan 1 km niður og skynja jarðhita og seltu í jarðlögum sem lágt viðnám. Mælingar þessar ná nokkuð samfellt frá Múlakvísl vestur allan Mýrdal og raunar lengra vestur. Þær gefa hvergi til kynna jarðhita. Hann sést fyrst í þessum mælingum á móts við Seljavallalaug.
3. Boranir bæði á grunnum og djúpum holum. Holurnar eru tvær í Mýrdal vestanverðum, 400-500 m á dýpt, ein 1200 m djúp í Vík auk grynnri holna þar hjá og tvær grunnar holor austast í sveitinni (önnur í Fagradal, hin í Höfðabrekku). Djúpu holurnar sýna lækkandi hitastigul austur eftir; frá ca. 85°C/km niður í 50°C/km í Vík. Liklega lækkar stigullinn enn þegar austar dregur. Til þess bendir lágor stigull (40-50°C/km) í Álfaveri og í Skaftártungu. Lækkandi berghiti í þessa átt er í samræmi við áætlaðan aldur blágrýtismundunarinnar í berggrunni þessa svæðis og skorpugerðina. Hitastigull á bilinu 50-70° myndi skapa jarðhitakerfi ef djúpar vatnsleiðandi sprungur væru til staðar.
4. Athuganir á jarðmyndunum í Mýrdalsfjöllum. Jarðmyndanir í Mýrdal eru frá seinni hluta ísaldar. Þar er annars vegar um að ræða móbergslög sem eru aðrunnin norðan frá langan veg undir jöklum. Lög þessi geta verið um og yfir 100 m þykk. Hraunlög einnig runnin norðan frá, og þá á hlýskeiðum, koma fyrir í lægðum milli móbergsmýndananna. Berglög af þessum uppruna sýnast vera aðalefni fjalla í nágrenni Höfðabrekku. Hins vegar er um að ræða móbergsfjöll mynduð við gos á staðnum. Þau er einkum að finna upp og vestur frá Vík. Meginsprungustefnan sem kemur við sögu í myndun þeirra er norð-suðlæg.

Í þessari stuttu skoðunarferð sem farin var um nágrenni Höfðabrekku var einkum litið eftir höggunarsprungum sem sýndu merki um gliðnum, væru langar og samfelldar gegnum bergveggi og hefðu norð-suðlæga stefnu.

Aðeins ein sprunga fannst sem uppfyllti þessar kröfur. Hún er u.þ.b. 1200 m fyrir austan Höfðabrekku og klýfur bergveggurinn upp í brúnir, u.þ.b. metersbreið með sprunginni fyllu. Hún stefnir gegnum tún gamla Höfðabrekkubæjarins, en þar sést ekki til hennar.

Sprungur sáust einnig í fjallshorninu austan við bæinn. Þar skerast sprungur með N-S og NA-SV-stefnu. Þá NA-SV-lægu má rekja í hömrurnum austur að Skiphelli. Sprungur þessar eru að sjá ekki jafnöpnar og sú fyrstnefnda austar í Höfðabrekkuhömrum. Lokst sást sprunga með N-S stefnu utan í lágum klettavegg skammt inn frá Höfðabrekku. Einnig sú er að sjá lítið opin miðað við austustu sprunguna. NA-SV-lægar sprungur sáust inn með Kerlingardalsá vestan megin. Lega sprungnanna næst sunnan er sýnd á meðfylgjandi korti (mynd 1).

Við boranir bæði í Fagradal og Höfðabrekku urðu hrungjörn berglög neðan 60-70 m þess valdandi að dýpra varð ekki komist án föðringar. Mikið vatn 7-8°C heitt fylgdi þessum hrungjörnu berglögum. Þarna er vafalaust um að ræða vatn sem fylgir vatnsleiðandi lagi en ekki sprungum. Búast má við tregari lekt þegar dýpra kemur, en þá jafnframt eitthvað heitara vatni. Í meginindráttum myndi hitahækkinin nema u.þ.b. 5° fyrir hverja 100 m sem borað yrði niður, þ.e. fylgja hitastigli svæðisins. Aðrar aðstæður gætu ríkt við vatnsleiðandi sprungur, þar sem væri uppstreymi á vatni sem hefði sótt hita djúpt í jörð, ellegar sem ólíklegra væri neðan undir fjallendi eins og hér, niðurrennslí á köldu vatni ofan á dýpri jarðlöög.

Jarðhitaleit á þessu svæði yrði óhjákvæmilega nokkuð dýr og fyrirfram er mjög óvist um árangur. Líklega yrði fyrsta skrefið borun á ca 200-250 m djúpum holum til að kanna hitaástand nærrí sýnilegum sprungum og fá samanburð við svæðisstigulinn sem er nálægt $50^{\circ}\text{C}/\text{km}$. Í fyrsta áfanga kæmu tveir borstaðir til greina, annar nærrí Höfðabrekkuhönum og hinn undir Höfðabrekkuhömrum við sprunguna sem þar sést. Holuna heima undir bæ þarf eflaust að fóðra í ca 100 m vegna hrungjarnra berglaga, og líklegt að svo yrði einnig um hina. Kostnaður við tvær slíkar holur gæti orðið um 3 miljónir króna og er þá miðað við grannar rannsóknarholur. Hæpið er að fara í framhaldsleit nema umtalsvert hærri stigull en $50^{\circ}\text{C}/\text{km}$ fyndist.



Kristján Sæmundsson

May 1

Spirula

Spirula

Spirula